

TILSKIPUN RÁÐSINS**frá 23. nóvember 1970****um aukefni í fódri****(70/524/EBE)**

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 43. og 100. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽¹⁾,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Búfjárframleiðsla er mikilvægur þáttur í landbúnaði Efnahagsbandalags Evrópu. Góður árangur er að verulegu leyti háður því að rétt fóður og gott sé notað.

Reglur um fóður eru nauðsynlegar til að auka framleiðni í landbúnaði.

Aukefni eru í auknum mæli notuð í fódur.

Ef ákvæði um aukefni í fódri fyrirfinnst í lögum og stjórnslufyrirmælum í aðildarríkjunum eru þau innbyrðis ólík í grundvallaratriðum. Af því leiðir að þau hafa bein áhrif á tilkomu og starfsemi hins sameiginlega markaðar og því ber að samræma þau.

Almennt merkir „aukefni“ efni sem hafa bætandi áhrif á fóður sem þau eru notuð í og búfjárframleiðslu. Af þessum

sökum skal einnig litið á sýklalyf sem aukefni vegna þess að þegar þau eru notuð í litlum mæli hafa þau lífefnafræðileg næringaráhrif þótt þau hafi lækandi áhrif þegar þau eru notuð í miklu magni.

Ekki má nota þessi efni í fódri í þeim meginþingangi að greina, meðhöndla eða koma í veg fyrir sjúkdóma. Þau skulu hins vegar heimiluð í þeim eina þingangi að bæta fóður með því að koma í veg fyrir næringarskort.

Enn fremur ætti í fyrstu að líta á tiltekin lyfjaefni, svo sem hníslalyf, sem lyf eingöngu í tengslum við fóður sem aukefni vegna þess að flest aðildarríkin hafa notað þau til sameiginlegra forvarna, einkum í alifuglarækt. Þau verða þó rannsökuð frekar ef tilskipun um lyfjabætt fóður verður samín.

Grundvallaratriðin sem liggja að baki reglum á þessu sviði skulu vera þau að fóður megi eingöngu innihalda aukefnin sem nefnd eru í þessari tilskipun og aðeins í samræmi við þær kröfur sem fram koma í henni, svo og að ekki megi nota slík aukefni, samanber þó undanþágur sem kveðið er á um, til annars en að fódra dýr.

Þegar aukefni eru heimiluð er nauðsynlegt að tryggja að þau hafi jákvæð áhrif á eiginleika fódurs sem þau eru notuð í og við búfjárframleiðslu. Þau mega ekki stofna heilsu dýra eða manna í hættu né skaða neytendur búfjárafurða. Með fyrirvara um undanþágur sem kveðið er á um er ráðlegt að kanna hvort nota megi slík aukefni til að lækna eða koma í veg fyrir sjúkdóma eða hvort enn séu gildar ástæður til að takmarka notkun þeirra við lækni- eða dýralækni-fræðilegan tilgang.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. C 135, 14. 12. 1968, bls. 20.

Vegna sérstakra aðstæðna í tilteknum aðildarríkjum, og einkum vegna þess að mismunandi aðferðir eru notaðar til að fódra dýr, er nauðsynlegt í vissum tilvikum að heimila undanþágur frá ofangreindum reglum að svo miklu leyti sem heilsa manna og dýra leyfir.

Aðildarríkin ættu einnig að hafa heimild til að banna notkun tiltekinna aukefna eða lækka hámark þeirra ef heilsa dýra eða manna er í hættu. Aðildarríkin ættu þó ekki að geta gripið til þessarar heimildar til að hindra frjálsan flutning hinna ýmsu vara.

Kveða ætti á um að fóður sem inniheldur aukefni skuli merkt sérstaklega svo að notandinn geti gert sér grein fyrir eiginleikum aukefnisins og að hann geti varist svikum. Þessi ákvæði eiga einkum við um fóður sem inniheldur þykki af tilteknum aukefnum.

Bandalagsreglur gilda ekki um fóður sem ætlað er til útflutnings til þriðju landa þar sem þriðju lönd beita oftast öðrum reglum.

Til að tryggja að skilyrðum sem sett eru um aukefni sé fullnægt við markaðssetningu skulu aðildarríkin kveða á um viðeigandi eftirlit.

Önnur viðskiptahöft en kveðið er á um í þessari tilskipun ættu ekki að ná til fódurs sem uppfyllir þessi skilyrði.

Til þess að auðvelda framkvæmd þessarar tilskipunar skal beita málsmeðferð sem stuðlar að náinni samvinnu aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar í fastanefnd um fódur.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Þessi tilskipun gildir um aukefni í fódri.

2. gr.

Að því er varðar þessa tilskipun skulu eftirfarandi skilgreiningar gilda:

- a) *aukefni*: efni sem með íblöndun í fóður kunna að hafa áhrif á eiginleika fódurs eða á búfjárframleiðslu;

- b) *fóður*: lífræn eða ólífræn efni, notuð ein sér eða í blöndum, með eða án aukefna, gefin um munn;
- c) *dagskammtur*: heildarfóðurskammtur, miðað við 12% rakainnihald, sem gefa þarf dýri af tiltekinni tegund, úr tilteknum aldurshópi og sem gefur tiltekinn afrakstur, til að fullnægja öllum þörfum þess;
- d) *heilfóður*: fódurblöndur sem eru þannig samsettar að þær teljast nægja sem dagskammtur;
- e) *viðbótarfóður*: fódurblöndur ríkar af vissum efnum sem vegna samsetningar sinnar teljast því aðeins nægja sem dagskammtur að þær séu gefnar með öðru fódri;
- f) *forblöndur*: aukefnaþykki ætlað til iðnaðarframleiðslu á blönduðu fódri.

3. gr.

1. Aðildarríkin skulu, að því er varðar fóður, kveða á um að aðeins megi blanda þeim aukefnum sem skráð eru í I. viðauka í fóður og einungis í samræmi við kröfur sem settar eru fram þar. Ekki má nota þessi aukefni til annars en að fódra dýr.

2. Með hámarks- og lágmarksinnihaldinu sem skráð er í I. viðauka er vísað til heilfódurs.

3. Aðeins er heimilt að blanda aukefnum sem nefnd eru í þessari tilskipun í fóður ef eðlis- og efnafræðileg samhæfi er milli efnisþátta blöndunnar til að ná fram þeim áhrifum sem sóst er eftir.

4. Sýklalyfi (I. viðauki A og II. viðauki A) má aðeins blanda saman við eitt annað sýklalyf nema kveðið sé á um blönduna sem framleiða á í framangreindum viðaukum. Efnisþættirnir mega ekki tilheyra sama efnaflokki. Leyfilegt hámarks magn hvers efnisþáttar sem ákveðið er í þessari tilskipun, skal lækkað niður í magn sem svarar hlutfallslega til hundraðshluta efnisþáttarins í blöndunni.

5. Ekki má blanda saman hníslalyfjum og öðrum lyfjum (I. viðauki D og II. viðauki B) nema þegar hafi verið kveðið á um blönduna í þessum viðaukum.

6. Aðildarríkin mega, í tilrauna- eða vísindaskyni, kveða á um undanþágur frá ákvæðum 1., 3., 4. eða 5. mgr. að því tilskildu að nauðsynlegt opinbert eftirlit sé viðhaft.

7. Þrátt fyrir 1. mgr. mega aðildarríkin á fimm ára tímabili frá birtingu þessarar tilskipunar, að því er varðar eigin yferráðasvæði, auka leyfilegt hámarks magn sýklalyfja (I. viðauki A), að undanskildum efnunum E 709, E 711 og E 712, sem hér segir:

A. Óleandómýsín, allt að 25 ppm af heilfóðri:

- a) fyrir alifugla, að undanskildum öndum og gæsnum, frá útungun til loka fjórðu viku;
- b) fyrir svín, frá burði til loka áttundu viku;

B. Öll önnur sýklalyf, allt að 50 ppm af heilfóðri:

- a) fyrir alifugla, að undanskildum öndum og gæsnum, frá útungun til loka fjórðu viku;
- b) fyrir kálfa, lömb og kiðlinga, frá burði til loka sextánda viku;
- c) fyrir svín, frá burði til loka áttundu viku;
- d) fyrir loðdýr.

4. gr.

1. Með því að víkja frá 1. mgr. 3. gr. mega aðildarríkin heimila að eftirfarandi sé notað á yferráðasvæði þeirra:

- a) í fimm ár eftir að tilkynnt er um þessa tilskipun, efni sem tilheyra öðrum hópum en þeim sem skráðir eru í I. viðauka, að því tilskildu að prófanir sýni að skilyrðum sem sett eru í 2. mgr. 6. gr. A sé fullnægt. Þessi undanþága gildir ekki um efni með hormóna- eða andhormónavirkni;
- b) í fimm ár eftir að tilkynnt er um þessa tilskipun, efni sem skráð eru í II. viðauka, að því tilskildu að prófanir sýni að skilyrðum sem sett eru í a-lið 2. mgr. 6. gr. sé fullnægt;
- c) þvagefni fyrir fullvaxin jórturdýr, að því tilskildu að prófanir sýni að skilyrðum sem sett eru a-lið 2. mgr. 6. gr. sé fullnægt;
- d) mólýbden, allt að 2,5 ppm af heilfóðri;
- e) selen, allt að 0,5 ppm af heilfóðri;
- f) sakkarín.

2. Aðildarríkin skulu innan tveggja mánaða greina hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni frá öllum ráðstöfunum sem gripið er til samkvæmt 1. mgr. og leggja fram þau gögn sem þau telja að réttlæti heimildina.

5. gr.

Innan hæfilegs tíma eftir að aðildarríki veitir leyfi fyrir aukefni samkvæmt a-lið 1. mgr. 4. gr. skal framkvæmdastjórnin taka afstöðu til þess hvort tilgreina megi aukefnið í I. viðauka, með hliðsjón af ákvæðum 6. gr., eða hvort afturkalla eigi leyfið. Framkvæmdastjórnin skal leggja viðeigandi tillögur fyrir ráðið sem tekur ákvarðanir samkvæmt 6. gr.

6. gr.

1. Ráðið skal, samkvæmt tillögu frá framkvæmdastjórninni og með hliðsjón af vísinda- og tækniþekkingu:

— setja viðmið um hreinleika aukefnanna sem þessi tilskipun tekur til,

— gera breytingar á I. viðauka.

2. Þegar breytingar eru gerðar á I. viðauka skal ráðið beita eftirgreindum reglum:

A. Efni skal því aðeins tilgreint í I. viðauka:

- a) að það hafi jákvæð áhrif á eiginleika fódursins eða á búfjárframleiðslu þegar því er blandaði í slíkt fóður;
- b) að það stofni ekki dýrum og mönnum í hættu eða breyti eiginleikum búfjárafurða og valdi ekki neytendum óþægindum þannig;
- c) að hafa megi eftirlit með eðli þess og magni í fóðri;
- d) að það, með hliðsjón af heimiludu magni þess í fóðri, lækni eða komi í veg fyrir dýrasjúkdóma; þetta skilyrði gildir ekki um efni þeirrar tegundar sem skráð eru í I. viðauka D;
- e) að gildar ástæður séu til þess, með tilliti til heilsu manna eða dýra, að notkun þess sé ekki takmörkuð við læknis- eða dýralæknisfræðilegan tilgang.

B. Strika skal efni úr I. viðauka ef einhverjum skilyrðum sem talin eru upp í A er ekki lengur fullnægt.

7. gr.

1. Ef aukefni sem skráð eru í I. viðauka er notað í fóður eða ef hámarks magnið sem ákveðið er fyrir slík aukefni gæti stofnað heilsu dýra eða manna í hættu má aðildarríki fresta gildistöku heimildar til að nota aukefnið í fjóra mánuði hið mesta eða lækka hámarkið. Aðildarríkið skal tilkynna framkvæmdastjórninni um það þegar í stað en hún kemur þessu á framfæri við aðildarríkin í fastanefndinni um fóður sem skipuð var með tilskipun ráðsins frá 20. júlí 1970 ⁽¹⁾.

2. Ráðið ákveður án tafar með samhljóða samþykki og samkvæmt tillögu framkvæmdastjórnarinnar hvort breyta eigi I. viðauka og, ef svo er, kveða á um nauðsynlegar breytingar með tilskipun. Að tillögu framkvæmdastjórnarinnar og með auknum meirihluta atkvæða má ráðið einnig, ef nauðsyn krefur, lengja um eitt ár hið lengsta frestinn sem ákveðinn er í 1. mgr.

8. gr.

Aðildarríkin skulu krefjast þess að innihald aukefna í viðbótarfóðri sem þynnt er samkvæmt forskrift sé ekki hlutfallslega meira en tilgreint er í þessari tilskipun.

9. gr.

1. Aðildarríkin skulu krefjast þess að magn sýklalyfja (I. viðauki A), þráavarnarefna (I. viðauki B), hníslalyfja og annarra lyfja (I. viðauki D, D-vítamína (I. viðauki (H) nr. 1) og snefilefna (I. viðauki I) í viðbótarfóðri og forblöndum megi því aðeins fara yfir það hámark sem sett er fyrir heilfóður að um sé að ræða:

- a) efni sem afhent er framleiðendum fóðurblandna eða birgðasölum þeirra;
- b) viðbótarfóður sem aðildarríki hefur heimilað að dreifa megi til allra notenda, að því tilskildu að magn sýklalyfja, D-vítamína eða snefilefna fari ekki yfir fimmfalt hámarks magn sem ákveðið hefur verið;
- c) viðbótarfóður sem ætlað er tilteknum dýrategundum og aðildarríki hefur heimild til að dreifa til allra notenda á yfirráðasvæði sínu vegna sérstakra fóðurkerfa, að því tilskildu að magnið fari ekki yfir:

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 170, 3. 8. 1970, bls. 1.

— 1000 ppm ef um er að ræða sýklalyf;

— fimmfalt hámarks magn sem ákveðið er ef um er að ræða þráavarnarefni, hníslalyf og önnur lyf;

— 200 000 IU/kg ef um er að ræða D-vítamín.

Þetta ákvæði gildir ekki ef heimild er veitt samkvæmt b-lið.

2. Aðeins má veita heimild samkvæmt b- eða c-lið 1. mgr. ef fóður hefur einn eða fleiri eiginleika (t.d. með tilliti til prótíns eða steinefna) sem tryggir að magn aukefna sé ekki meira en það sem ákveðið er fyrir heilfóður og að það sé ekki gefið öðrum dýrategundum en þeim sem fóðrið er ætlað. Ákvörðun um heimild til notkunar slíkra aukefna skal tekin að undangengnum viðræðum milli aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar í fastanefnd um fóður.

10. gr.

1. Aðildarríkin skulu krefjast þess að fóður sem inniheldur eithvert neðangreindra efna sé því aðeins sett á markað að efnin séu tilgreind á umbúðum, annaðhvort beint eða með merkimiða, þar sem eftirgreindar upplýsingar koma fram:

- a) sýklalyf: eðli, magn og síðasti dagur sem ábyrgst er að það magn haldist óbreytt,
- b) efni sem hafa þráavarnarhrif: eðli;
- c) hníslalyf og önnur lyf (I. viðauki D): eðli, magn og skilyrði fyrir notkun eins og þau eru tilgreind í viðauka;
- d) litarefni, þar með taldir dreifulitir, sem talin eru upp í I. viðauka F nr. 2: eðli;
- e) A-, D- og E-vítamín: eðli, magni og síðasti dagur sem ábyrgst er að það magn haldist óbreytt;
- f) kopar: magn táknað með Cu ef það fer yfir 50 ppm;
- g) aukefni sem heimiluð eru samkvæmt a-lið 1. mgr. 4. gr.: eðli og magn.

Vísað skal til þessara efna á venjulegu fagmáli.

2. Ef um er að ræða vörur í lausri vigt má tilgreina upplýsingarnar sem nefndar eru í 1. mgr. í fylgiskjali með vörnum.

3. Tilgreina má hvort snefilefni og vítamín önnur en A-, D- og E-vítamín, próvítamín og önnur álíka virk efni ef

hægt er að ákvarða magn efnanna sem eru fyrir hendi með almennum greiningaraðferðum. Í slíkum tilvikum skulu eftirfarandi upplýsingar gefnar:

- a) eðli og magn ef um er að ræða snefilefni;
- b) eðli, magn og síðasti dagur sem ábyrgist er að það magn haldist óbreytt.

4. Óheimilt er að vísa til aukefna með öðrum hætti kveðið er á um í þessari tilskipun.

11. gr.

1. Aðildarríkin skulu krefjast þess að viðbótarfóður, sem inniheldur meira magn aukefna en hámarksmagnið sem ákveðið er fyrir heilfóður, sé því aðeins sett á markað að á umbúðunum:

- a) standi orðið „viðbótarfóður“ og að tilgreint sé hvers eðlis fóðrið er;
- b) sé að finna leiðbeiningar um notkun og eftirfarandi viðbótarleiðbeiningar: „Þetta fóður má aðeins gefa (dýrategund og aldursskeið)...hámarksdagsskammtur er ...grömm á kíló.“

Þessar upplýsingar skulu vera í samræmi við ákvæði I. viðauka. Þessi ákvæði gilda ekki um efni sem afhent eru framleiðendum fóðurblandna eða birgðasölum þeirra.

2. Yfirlýsingin sem vísað er til í b-lið 1. mgr. skal þannig orðuð að þegar farið er nákvæmlega eftir henni fari skammtur aukefna ekki yfir hámarksmagn sem ákveðið er fyrir heilfóður.

12. gr.

Ef fóður er markaðssett í öðrum aðildarríkjum skulu upplýsingarnar sem um getur í 10. og 11. gr. gefnar á að minnsta kosti einu opinberu tungumáli viðtökulandsins.

13. gr.

Aðildarríkin skulu tryggja að fóður sem er í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar, hvort sem í því eru aukefni eða ekki og einnig að því er varðar merkingar, sé ekki háð öðrum markaðshindrunum en þeim sem kveðið er á um í þessari tilskipun.

14. gr.

Aðildarríkin skulu tryggja að engar viðskiptahömlur séu á markaðssetningu búfjárafurða vegna beitingar þessarar tilskipunar.

15. gr.

Aðildarríkjunum ber að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að fóður sem sett er á markað sé háð opinberu eftirliti, að minnsta kosti með því að tekin séu sýni, til að sannprófa hvort skilyrðunum sem sett eru í þessari tilskipun sé fullnægt.

16. gr.

Þessi tilskipun gildir ekki um fóður sem sannað er, að minnsta kosti með viðeigandi merkingu, að flytja eigi til þriðju landa.

17. gr.

Aðildarríkin skulu samþykka lög og stjórnáskilgæfingarmáli sem nauðsynleg eru til að fara að tilskipun þessari innan tveggja ára frá því að tilkynnt er um hana. Þeim ber að tilkynna framkvæmdastjórninni það þegar í stað.

18. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 23. nóvember 1970.

Fyrir hönd ráðsins,

W. SCHEEL

forseti.

I. VIÐAUKI

EBE-nr.	Aukefni	Efnaformúla, lýsing	Dýrategundir	Hámarksaldur	Lágmarks-	Hámarks-	Önnur ákvæði
					magn	magn	
					ppm heilfóðurs		
E 700	A. Sýklalyf Basítrasínsink	$C_{66}H_{103}O_{17}Zn$ Sýklalyf úr fjölpeptíðum sem innihalda 12–20% sink	Alifuglar (nema endur, gæsir, varphænur)	10 vikna	5	20	
			Kálfar	6 mánaða	5	20	
				—	5	80	Aðeins í mjólk
			Lömb og kiðlingar	6 mánaða	5	20	
				—	5	80	Aðeins í mjólk
			Svín	6 mánaða	5	20	
	—	5	80	Aðeins í mjólk			
		Loðdýr	—	5	20		
E 701	Tetrasýklín (sem hýdróklóríð)	$C_{22}H_{24}O_8N_2 \cdot HCl$	Alifuglar (nema endur, gæsir, varphænur)	10 vikna	5	20	
			Kálfar	6 mánaða	5	20	
				—	5	80	Aðeins í mjólk
			Svín	6 mánaða	5	20	
				—	5	80	Aðeins í mjólk
E 702	Klörtetrasýklín (sem hýdróklóríð)	$C_{22}H_{23}O_8N_2Cl \cdot HCl$	Alifuglar (nema endur, gæsir, varphænur)	10 vikna	5	20	

EBE-nr.	Aukefni	Efnaformúla, lýsing	Dýrategundir	Hámarksaldur	Lágmarks-	Hámarks-	Önnur ákvæði
					magn	magn	
					ppm heilfóðurs		
E 702 (frh.)			Kálfar	6 mánaða	5	20	Aðeins í mjólk
			—	—	5	80	
			Lömb og kiðlingar	6 mánaða	5	20	
			—	—	5	80	
			Svín	6 mánaða	5	20	
E 703	Oxtetrasýklín (sem hýdróklóríð)	$C_{22}H_{24}O_9N_2 \cdot HCl$	Alifuglar (nema endur, gæsir, varphænur)	10 vikna	5	20	Aðeins í mjólk
			Kálfar	6 mánaða	5	20	
			—	—	5	80	
			Lömb og kiðlingar	6 mánaða	5	20	
			—	—	5	80	
E 704	Óleandómýsín	$C_{35}H_{61}O_{12}N$ (basi) Sýklalyf úr makrólíðum	Alifuglar (nema endur, gæsir, varphænur)	10 vikna	5	20	Aðeins í mjólk
			Svín	6 mánaða	5	20	
			—	—	5	80	
			Loðdýr	—	5	20	
			—	—	5	80	

EBE-nr.	Aukefni	Efnaformúla, lýsing	Dýrategundir	Hámarksaldur	Lágmarks-	Hámarks-	Önnur ákvæði
					magn	magn	
					ppm heilfóðurs		
E 705	Penisillín-G-kalíum ⁽¹⁾	$C_{16}H_{18}KN_2O_4S$	Alifuglar (nema endur, gæsir, varphænur)	10 vikna	5	20	
E 706	Penisillín-G-natríum	$C_{16}H_{18}NaN_2O_4S$					
E 707	Penisillín-G-prókaín ⁽¹⁾	$C_{29}H_{38}N_4O_6H_2O$					
E 708	Penisillín-G-bensaþín	$C_{48}H_{56}N_6O_8S_2$	Lömb og kiðlingar	6 mánaða	5	20	
				—	5	80	Aðeins í mjólk
			Svín	6 mánaða	5	20	
				—	5	80	Aðeins í mjólk
E 709	Penisillín-G- (natríum, prókaín) — streptomýsín (blanda: 3 hlutar af a) penisillín-G- (natríum, prókaín) á móti 7 hlutum af b) streptomýsín	a) $C_{16}H_{18}NaN_2O_4S$ $C_{29}H_{38}N_4O_6 \cdot H_2O$ b) $C_{21}H_{39}N_4O_{12}N_7$	Kálfar	6 mánaða	5	20	
				—	5	80	Aðeins í mjólk
			Lömb og kiðlingar	6 mánaða	5	20	
				—	5	80	Aðeins í mjólk
			Svín	6 mánaða	5	20	
				—	5	80	Aðeins í mjólk
			Loðdýr	—	5	20	

⁽¹⁾ Skammtar hinir sömu og fyrir penisillín-G-natríum;
1 ppm penisillín-G-Na eða -K = 1,66 ppm penisillín G prókaín = 1,66 IU/kg.

EBE-nr.	Aukefni	Efnaformúla, lýsing	Dýrategundir	Hámarksaldur	Lágmarks-	Hámarks-	Önnur ákvæði		
					magn	magn			
					ppm heilfóðurs				
E 710	Spíramýsín	I $C_{45}H_{78}O_{15}N_2$ II $C_{47}H_{80}O_{16}N_2$ III $C_{48}H_{82}O_{16}N_2$	} (basi)	Alifuglar (nema endur, gæsir, varphænur)	10 vikna	5	20		
				Sýklalyf úr makrólíðum	Kálfar	6 mánaða	5	20	
						—	5	80	Aðeins í mjólk
					Lömb og kiðlingar	6 mánaða	5	20	
						—	5	80	Aðeins í mjólk
					Svín	6 mánaða	5	20	
E 711	Virginfamýsín	I $C_{28}H_{35}N_3O_7$ II $C_{43}H_{49}N_7O_{10}$	}	Alifuglar (nema endur, gæsir, varphænur)	10 vikna	5	20		
					Svín	6 mánaða	5	20	
					Loðdýr	—	5	80	Aðeins í mjólk
E 712	Flavómýsín	$C_{70}H_{124}N_6O_{40}P$		Alifuglar (nema endur, gæsir, varphænur)	10 vikna	0,5	20		
					Kálfar	6 mánaða	6	16	
						—	8	16	Aðeins í mjólk
					Svín	6 mánaða	1	20	
		—	10	25	Aðeins í mjólk				
		Loðdýr	—	2	4				

EBE-nr.	Aukefni	Efnaformúla, lýsing	Dýrategundir	Hámarksaldur	Lágmarks-	Hámarks-	Önnur ákvæði
					magn	magn	
					ppm heilföðurs		
	B. Þrávarnarefni						
E 321	1. Öll efni sem eru viðurkennd samkvæmt reglum bandalagsins til að verja fóður gegn þráa: a) Bútýleruð hýdroxý-tólúen (BHT) b) annað	2,6-di-tert-bútýl-p-kresól		—	—	150 100	Skilyrði sem sett eru um þessi efni með reglum bandalagsins skulu uppfyllt
E 322	2. Etýoxýkvín	1,2-dihýdró-6-etoxy-2,2,4-trímetylkvínólín		—	—	150	
	C. Ilmefni og lystaukandi efni Allar náttúrulegar vörur og samsvarandi vörur úr gerviefnum			—	—	—	
	D. Hnislalyf og önnur lyf						
E 750	Amprólúm	1-(4-amínó-2-própýlpýrimídín-5-ýl-metýl)-2-metýl-pýridínklóríð hýdróklóríð	Alifuglar	—	62,5	125	Notkun bönnuð frá varpaldri og þar til a.m.k. 3 dögum fyrir slátrun
E 751	Amprólúmetópatat: (blanda:25 hlutar af a) amprólúm á móti 1,6 hlutum af b) etópabati)	a) 1-(4-amínó-2-própýlpýrimídín-5-ýl-metýl)-2-metýl-pýridínfúmkloríð b) metýlsik 4-asetamító-2-etoxybensóat	Hænur, kalkúnar og perluhænsn	—	66,5	133	Notkun bönnuð frá varpaldri og þar til a.m.k. 3 dögum fyrir slátrun

EBE-nr.	Aukefni	Efnaformúla, lýsing	Dýrategundir	Hámarksaldur	Lágmarks-	Hámarks-	Önnur ákvæði
					magn	magn	
					ppm heilfóðurs		
E 752	Dínítólíð	3,5-Dínítró-o-tólúamíð	Alifuglar	—	62,5	125	Notkun bönnuð frá varpaldri og þar til a.m.k. 3 dögum fyrir slátrun
E 753	Búkínólat	Etýl 6,7-dí ísó-bútoxý-4-hýdroxý kvínólín-3-karbóxylát	Holdakjúklingar	—	82,5	82,5	Notkun bönnuð frá varpaldri og þar til a.m.k. 3 dögum fyrir slátrun
	E. Ýruefni Öll efni sem eru viðurkennd samkvæmt reglum bandalagsins um fóður			—	—	—	Skilyrði sem sett eru um þessi efni með reglum bandalagsins skulu uppfyllt
	F. Litarefni að meðöldum dreifulitum 1. <i>Karótínefni og vefjagula:</i>		Alifuglar	—	—	80 (alls)	Skilyrði sem sett eru með reglum bandalagsins um litun fóðurs skulu uppfyllt
E 160c	Kapsantín	C ₄₀ H ₅₈ O ₃					
E 160e	Beta-apó-8-karótín	C ₃₀ H ₄₀ O					
E 160f	Etýlester úr beta-apó-8-karótínsýru	C ₃₂ H ₄₄ O ₂					
E 161b	Lútín	C ₄₀ H ₅₆ O ₂					
E 161c	Kryptóxanþín	C ₄₀ H ₅₆ O					
E 161c	Víólaxanþín	C ₄₀ H ₅₆ O					
E 161g	Kanþaxanþín	C ₄₀ H ₅₂ O ₂					
E 161h	Seaxanþín	C ₄₀ H ₅₆ O ₂					

EBE-nr.	Aukefni	Efnaformúla, lýsing	Dýrategundir	Hámarksaldur	Lágmarks-	Hámarks-	Önnur ákvæði
					magn	magn	
					ppm heilfóðurs		
	2. Öll önnur efni sem eru viðurkennd samkvæmt reglum bandalagsins til litunar fóðurs			—	—	—	Aðeins leyfileg í fóðri a) í unnum vörum úr i) úrgangsfóðri ii) korni eða tapiókamjöli eðlisbreytt með viðurkenndum, rauðum litarefnum; eða iii) öðrum grunnefnum eðlisbreyttum með viðurkenndum efnum eða lituðum á meðan tæknileg meðhöndlun fer fram til að tryggja nauðsynlega auðkenningu við framleiðslu; og b) í samræmi við skilyrði sem kveðið er á um í reglum bandalagsins um þessi efni
E 400	G. Bindiefni Algínsýra Natríumalgínat Kalsíumalgínat Agar-agar Karragen Karrageníus Karragenöt Karragenön Karóbræhveiti Tragant G. Akasíulím Pektínefni			—	—	—	
E 401							
E 404							
E 410							
E 411							
E 412							
E 415							
E 416							
E 440							

EBE-nr.	Aukefni	Efnaformúla, lýsing	Dýrategundir	Hámarksaldur	Lágmarks-	Hámarks-	Önnur ákvæði
					magn	magn	
					ppm heilfóðurs		
E 670	H. Vítamín, próvítamín og efnafræðilega vel skilgreind efni sem hafa svipuð áhrif 1. D ₂ -vítamín		Svín	—	2 000	Aðeins í mjólk	Bannað er að nota D ₃ -vítamín á sama tíma
			Grísir	—	10 000		
			Nautgripir	—	4 000		
			Sauðfé og lömb	—	4 000		
			Kálfar	—	10 000		
			Hestar	—	4 000		
			Aðrar tegundir (nema alifuglar)	—	2 000		
E 671	D ₃ -vítamín		Svín	—	2 000	Aðeins í mjólk	Bannað er að nota D ₂ -vítamín á sama tíma
			Grísir	—	10 000		
			Nautgripir	—	4 000		
			Sauðfé og lömb	—	4 000		
			Kálfar	—	10 000		
			Hestar	—	4 000		
			Varphænur	—	3 000		
			Aðrir alifuglar	—	2 000		
			Aðrar tegundir	—	2 000		
	2. Öll efni í hópnum nema D-vítamín					Bannað er að nota D ₃ -vítamín á sama tíma	

EBE-nr.	Dáttur	Aukefni	Efnaformúla	Hámarks magn frumefnisins í ppm heilfóðurs
I. Snefilefni				
E 1	Járn — Fe	Járn-(II)-fúmarat Járn-(II)-sítrat Járn-(II)-karbónat Járn-(II)-klóríð Járn-(III)-klóríð Járn-(III)-oxíð Járn-(II)-súlfat	$\text{FeC}_4\text{H}_2\text{O}_4$ $\text{Fe}_3(\text{C}_6\text{H}_5\text{O}_7)_2 \cdot 6 \text{H}_2\text{O}$ FeCO_3 $\text{FeCl}_2 \cdot 4 \text{H}_2\text{O}$ $\text{FeCl}_3 \cdot 6 \text{H}_2\text{O}$ Fe_2O_2 $\text{FeSO}_4 \cdot 7 \text{H}_2\text{O}$	1250 (alls)
E 2	Joð — I	Kalsíumjoðað Vatnsfirrt kalsíumjoðað Natríumjodíð Kalíumjoðið	$\text{Ca}(\text{IO}_3)_2 \cdot 6 \text{H}_2\text{O}$ $\text{Ca}(\text{IO}_3)_2$ Na I K I	40 (alls)
E 3	Kóbalt — Co	Kóbaltasetat Basískt karbónat úr kóbalti Kóbaltklóríði Kóbaltsúlfat Einvatnað kóbaltsúlfat Kóbaltnítrat	$\text{Co}(\text{CH}_3\text{COO})_2 \cdot 4 \text{H}_2\text{O}$ $2 \text{CoCO}_3 \cdot 3 \text{Co}(\text{OH})_2 \cdot \text{H}_2\text{O}$ $\text{CoCl}_2 \cdot 6 \text{H}_2\text{O}$ $\text{CoSO}_4 \cdot 7 \text{H}_2\text{O}$ $\text{CoSO}_4 \cdot \text{H}_2\text{O}$ $\text{Co}(\text{NO}_3)_2 \cdot 6 \text{H}_2\text{O}$	10 (alls)
E 4	Kopar — Cu	Koparasetat	$\text{Cu}(\text{CH}_3\text{COO})_2 \cdot \text{H}_2\text{O}$	Svín: 125 (alls) Aðrar dýrategundir: 50 (alls)

EBE-nr.	Þáttur	Aukefni	Efnaformúla	Hámarks magn frumefnisins í ppm heilfóðurs
E 4 (frh.)		Basískt koparkarbonat, einvatnað	$\text{CuCO}_3 \cdot \text{Cu(OH)}_2 \cdot \text{H}_2\text{O}$	250 (alls)
		Koparklóríð	$\text{CuCl}_2 \cdot 2 \text{H}_2\text{O}$	
		Koparoxíð	Cu_2O_2	
		Koparsúlfat	$\text{CuSO}_4 \cdot 5 \text{H}_2\text{O}$	
E 5	Mangan — Mn	Mangankarbonat	MnCO_3	
		Manganklóríð	$\text{MnCl}_2 \cdot 4 \text{H}_2\text{O}$	
		Manganvetnisfosfat	$\text{MnHPO}_4 \cdot 3 \text{H}_2\text{O}$	
		Mangan(II)oxíð	MnO	
		Mangan(III)oxíð	Mn_2O_3	
		Mangansúlfat	$\text{MnSO}_4 \cdot 4 \text{H}_2\text{O}$	
		Mangansúlfat, einvatnað	$\text{MnSO}_4 \cdot \text{H}_2\text{O}$	
E 6	Sink — Co	Sinklaktat	$\text{Zn(C}_3\text{H}_5\text{O}_3)_2 \cdot 3 \text{H}_2\text{O}$	250 (alls)
		Sinkasetat	$\text{Zn(CH}_3\text{COO)}_2 \cdot 2 \text{H}_2\text{O}$	
		Sinkkarbónat	ZnCO_3	
		Sinkklóríð, einvatnað	$\text{ZnCl}_2 \cdot \text{H}_2\text{O}$	
		Sinkoxíð	ZnO	
		Sinksúlfat	$\text{ZnSO}_4 \cdot 7 \text{H}_2\text{O}$	
		Sinksúlfat, einvatnað	$\text{ZnSO}_4 \cdot \text{H}_2\text{O}$	

II. VIÐAUKI

Nr.	Aukefni	Efnaformúla, lýsing
	A. Sýklalyf	
1	Basítrasín-mangan	$C_{66}H_{103}O_{16}S$ Mn, mangankomplex úr fjölpeptíðum
2	Erytrómýsín	$C_{37}H_{67}O_{13}N$ (basi), makrólíður
3	Hígrómísín B	$C_{15}H_{28}O_{10}N_2$
4	Neómísín	$C_{23}H_{46}O_{12}N_6$
5	Sóframísín	Mólpungi u.þ.b. 1 400 til 1 500
6	Tilósín	$C_{45}H_{79}O_{17}N$ (basi), makrólíður
	B. Hnísalyf og önnur lyf	
1	Dekokvínat	$C_{24}H_{35}O_5$ Etýl 6-dekýloxý-7epoxý-4-hýdroxýkvínólín-3-karboxýlat
2	Dímítridasól	1,2-Dímetyl-5-nítróimidasól
3	Asínítrasól (asetýleneheptín)	2-asetýlamínó-5-nítrótíasól
4	Fúrasólídon	3-(5-nítrófúrfúrylíðenamínó)-oxasólídín-2-eitt
5	Klólípídól	3,5-Díklóró-2,5-dímetyl-4-pýrídínól
6	Níkarbasín	4,4-dínítrókarbanilíð+2hýdroxý-4,6-dímetyl-pýrimídín
7	Nítrófúrasón	5-nítró-2-fúrfúrylíðen hálfkarbasón
8	Súlfakvínoxalín	2-p-amínóbensensúlfónamíðókvínóxalín
9	„Whytsín“ (Súlfakvínoxalín + Pýrímetamín)	2,p-amínóbensensúlfónamíðókvínóxalín + 2,4-díamínó-5(4-klórfenýl)-6-etylpýrimídín
10	(Súlfakvínoxalín + Díaverídín)	2,p-amínóbensensúlfónamíðókvínóxalín + 2,4-díamínó-5(3,4 dímetoxýbensýl-pýrimídín)
11	(Súlfadímetoxýn + Díaverídín)	2,4-dímetoxý-6-súlfanílamíðó-,3-díásín + 2,4-díamínó-5(3,4dímetoxý-bensýl)-pýramídín
12	Ronídasól	(1-metyl-2-karbamoyloxýmetyl-5-nítróimidasól
13	Bífúran (nítrófúrasón + fúrasólídon)	5-nítró-2-fúrfúrylíðen hálfkarbasón + 3-(5-nítrófúrfúrylíðen-amínó)-oxasólídín-2-eitt
14	Metýlbensóakvat	$C_{22}H_{23}O_4N$
15	Píperasín	
16	Nítróvin	1,5-dí(nítró-2-fúryl)-1,4-pentadíen-3-eitt-amídínhýdrasón-hýdróklóríð
	C. Ýruefni	
1	Esterar úr fjöletýlen glýkólí	
2	„Tween 80“	Pólýoxetýlen sorbítan-mónóoleat

Nr.	Aukefni	Efnaformúla, lýsing
D. Bindiefni		
1	Karboxýmetýlsellulósi	[C ₆ H ₇ O ₂ (OH) x (OCH ₂ COONa)] _n x = 2,00 til 2,40 ; y = 1,00 til 0,60; x + y = 3,00
2	Sellulósaeterar	
3	Gelatín	
E. Önnur aukefni		
1	Lignósúlfónöt Kaólín (efni notuð sem bindiefni við kornun fódurs)	
2	Kalíumsíliköt (dreifingarefni og kekkjavarnarefni)	
3	Própínsýra sölt hennar	C ₃ H ₆ pO ₂
4	Sítranaxanþín	C ₃₅ H ₄₄ O
5	Myxóaxanþófýl	C ₄₀ H ₅₆ O ₇ eða C ₄₀ H ₅₈ O ₇